Akureyri 2. Sept. 1955

Ég sendi hér með umslag með 300 kr. í, og nokkrum Stephans G.-merkjum.

Þessir hlutir eiga sér orðið all langa sögu og sérstæða, en hún er á þessa leið:
Þegar verið var að safna fé til Minnisvarða Stephans G., m.a. með merkjasölu, var búsett hér á Akureyri kaupkona ein af Skagfirskum ættum, Pálína Jónsdóttir. Hún mun hafa tekið að sér að selja nokkur merki. En áður en hún gerði skil á því, fluttist hún alfarin héðan til Reykjavíkur. Hún bað þá frændkonu sína, frú Guðrúnu Árnadóttur, (konu Ingimundar Árnasonar fulltrúa) fyrir umslagið, með þeim tilmælum að frúin kæmi því til réttra aðila við tækifæri. Þetta fórst þó fyrir um sinn, af einhverjum ástæðum, og þegar Guðrún rankaði við sér, all löngu síðar, þá hafði hún gleymt hver var hinn rétti móttakandi, og þorði

því ekki að senda þetta frá sér. Tímanlega í sumar barst þetta í tal á milli okkar Guðrúnar, og vissi ég, að það var U.M.S. Skagafjarðar sem á þeim tíma beitti sér fyrir að koma upp vörðu Stephans G. Fól hún þá mér að koma þessu til skila.

Nokkurra vikna dráttur hefur þó orðið á þessu, m.a. vegna þess, að ég bjóst við að eiga sjálfur erindi til Sauðárkróks í þessu sama, en til þess hefur þó ekki komið enn.

Nú vil ég ekki láta þetta bíða lengur, heldur póstlegg það, og vona að það nái þar með réttri höfn, eftir langa útivist.

Virðingarfyllst

Bernódus Sveinsson

Til

formanns Ungmennasambands

Skagafjarðar.